

# Hallgrímskirkja

## Pálmasunnudagur

Messa og barnastarf

14. apríl 2019 kl. 11



*Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari ásamt dr. Sigurði Árna Þórðarsyni. Messuþjónar aðstoða. Félagar úr Mótettukór Hallgrímskirkju syngja. Gestakórinn Alumni frá Clare College í Cambridge, Englandi syngur. Stjórnandi er Graham Ross. Björn Steinar Sólbergsson er organisti. Umsjón með barnastarfi hafa Inga Harðardóttir æskulýðsfulltrúi, Karítas Hrundar Pálsdóttir og Ragnheiður Bjarnadóttir.*

Gengið með greinar í kirkju og þær settar í vasa við kórtröppur.

### Inngöngusálmur

Hósianna, lof og dýrð,  
því blessaður er sá,  
því blessaður er sá,  
sem kemur í nafni Guðs.  
Hósianna, hósianna,  
sönnum syni Ísraels.  
Hósianna, hósianna,  
því blessaður er sá,  
því blessaður er sá,  
sem kemur í nafni Guðs.

### Ávarp

Miskunnarbæn - Kyrie eleison, *William Byrd*

### Kollekta

Prestur: Drottinn sé með yður.

Allir: Og með þínum anda.

Prestur: Látum oss biðja ... um aldir alda.

Allir: Amen.

### Fyrri ritningarlestur: Jes 49.13-16

*Lofsyngið himnar, fagna þú jörð, þér fjöll, hefjið gleðisöng því að Drottinn hughreystir þjóð sína og sýnir miskunn sínum þjáðu. En Síon segir: „Drottinn hefur yfirgefið mig, Guð hefur gleymt mér.“ Hvort fær kona gleymt brjóstbarni sínu að hún miskunni eigi lífsafkvæmi sínu? Og þó að þær gætu gleymt þá gleymi ég þér samt ekki. Ég hef rist þig í lófa mér, múra þína hef ég sífellt fyrir augum.*

*Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.*

Allir: Guði sé þakkargjörð.

## Síðari ritningarlestur: 2Kor 2.14-17

*En Guði séu þakkir sem fer með mig í óslitinni sigurför Krists og lætur mig alls staðar breiða út þekkinguna um sig eins og þekkan ilm. Því að Guði til dýrðar er ég ilmur sem flyt Krist bæði til þeirra sem frelsast og til þeirra sem glatast. Þeim sem glatast er ég banvænn daunn til dauða, hinum lífgandi ilmur til lífs. Og hver er til þessa hæfur? Ekki er ég eins og hinir mörgu er pranga með Guðs orð heldur flyt ég það af hreinum huga frá Guði frammi fyrir augliti Guðs með því að ég er í samfélagi við Krist.*

*Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.*

Allir: Dýrð sé þér, Drottinn.

**Kórsöngur** Gefðu, að móðurmálið mitt, íslenskt þjóðlag í útsetningu  
*Róberts A. Ottósonar/ Hallgrímur Pétursson*

## Guðspjall

*Söfnuður rís úr sætum*

Prestur: Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn **Markús** 14.3-9

Allir: Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap.

*Jesús var í Betaníu, í húsi Símonar líkþráa, og sat að borði. Þá kom þar kona og hafði alabastursbuðk með ómengudum, dýrum nardussmyrslum. Hún braut buðkinn og hellti yfir höfuð honum. En þar voru nokkrir er gramdist þetta og þeir sögðu sín á milli: „Til hvers er þessi sóun á smyrslum? Þessi smyrsl hefði mátt selja fyrir meira en þrjú hundruð denara og gefa fátækum.“ Og þeir atyrту hana. En Jesús sagði: „Látið hana í friði! Hvað eruð þið að angra hana? Gott verk gerði hún mér. Fátæka hafið þið jafnan hjá ykkur og getið gert þeim gott nær þið viljið en mig hafið þið ekki ávallt. Hún gerði það sem í hennar valdi stóð. Hún hefur fyrir fram smurt líkama minn til greftrunar. Sannlega segi ég ykkur: Hvar sem fagnaðarerindið verður flutt, um heim allan, mun og getið verða þess sem hún gerði og hennar minnst.“*

*Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall.*

Allir: Lof sé þér, Kristur.

## Trúarjátning

Ég trúi á Guð, föður almáttugan,/ skapara himins og jarðar./  
Ég trúi á Jesú Krist,/ hans einkason, Drottin vorn,/ sem getinn er af heilögum anda,/  
fæddur af Maríu mey,/ pínður á dögum Pontíusar Pílatúsar,/ krossfestur, dáinn og grafinn,/  
steig niður til heljar,/ reis á þriðja degi aftur upp frá dauðum,/ steig upp til himna,/ situr við  
hægri hönd Guðs föður almáttugs/ og mun þaðan koma að dæma lifendur og dauða./ Ég trúi  
á heilagan anda,/ heilaga almenna kirkju,/ samfélag heilagra,  
fyrirgefningu syndanna,/ upprisnu mannsins/ og eilíft líf.

Amen.

*Söfnuður sest að lokinni trúarjátningunni*

## Sálmur (kórinn syngur skáletruðu versin)

Víst ertu, Jesús, kóngur klár,  
kóngur dýrðar um eilíf ár,  
kóngur englanna, kóngur vor,  
kóngur almættis tignarstór.

Frelsaður kem ég þá fyrir þinn dóm,  
fagnaðarsælan heyri' eg róm.  
Í þínu nafni útvaldir  
útvalinn kalla mig hjá sér.

Ó, Jesús, það er játning mín,  
ég mun um síðir njóta þín,  
þegar þú, dýrðar Drottinn minn,  
dómstól í skýjum setur þinn.

Kóng minn, Jesús, ég kalla þig,  
kalla þú þræl þinn aftur mig.  
Herratign engi að heimsins sið  
held ég þar mega jafnast við.

Jesús, þín kristni kýs þig nú,  
kóngur hennar einn heitir þú.  
Stjórn þín henni svo haldi við,  
himneskum nái dýrðar frið.

*Hallgrímur Pétursson*

## Prédikun

**Kórsöngur eftir prédikun** Hosanna to the Son of David, *Orlando Gibbons*

## Almenn kirkjubæn

*Hver beiðni endar á orðunum: ....fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.*

Bænasvar: Í þinni náð, ó, Guð, þinni miskunn: Heyr oss nú.

## Syndajátning og friðarkveðja

Prestur: Játum syndir vorar og lifum í kærleika og sátt við alla menn.

Allir: Ég játa fyrir þér, almáttugi Guð, skapari minn og lausnari, að ég hef margvíslega syndgað í hugsunum, orðum og gjörðum. Fyrirgef mér sakir miskunnar þinnar og leið mig til eilífs lífs, til dýrðar nafni þínu.

*Þögn til íhugunar.*

Prestur: Almáttugur Guð fyrirgefi yður allar syndir, styrki yður og leiði til eilífs lífs fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Allir: Amen.

Prestur: Friður Drottins sé með yður.

Allir: Og með þínum anda.

Eftir svarið: *Og með þínum anda* er friðarkveðjan látin ganga.

*Friður sé með yður.*

svar: *Og með þér.*

***Passing of the peace:***

*Peace be with you.*

***R: And also with you with you.***

## Sálmur

Gegnum Jesú helgast hjarta  
í himininn upp ég líta má,  
Guðs míns ástar birtu bjarta  
bæði fæ ég að reyna' og sjá,  
hryggðarmyrkrið sorgar svarta  
sálu minni hverfur þá.

*Hallgrímur Pétursson*

## Altarisganga

Prestur: Drottinn sé með yður.

Prestur: Lyftum hjörtum vorum til himins.

Prestur: Látum oss þakka Drottni Guði vorum.

Prestur: Sannlega er það.....og segjum án afláts:

Allir: Heilagur, heilagur, heilagur ert þú Drottinn. Guð allsherjar.

Himnarnir og jörðin eru full af dýrð þinni. Hósianna í upphæðum. Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins. Hósianna í upphæðum.

Söfnuður rís úr sætum

Allir: Og með þínum anda.

Allir: Við hefjum þau til Drottins.

Allir: Það er maklegt og réttvíst.

*Söfnuður sest*

## Þakkarbæn, innsetningarorð og Faðir vor

*Altarisgestir ganga innar. Sérhver altarisgestur tekur við brauðinu í lófann, dýfir því í kaleikinn, signir sig og gengur til sætis en annar kemur í hans stað.*

## Kórsöngur undir útteilingu Agnus Dei, William Byrd

### Bæn

### Blessun

*Söfnuður rís úr sætum*

Prestur: Þökkum Drottni og vegsömum hann.

Allir: Drottni sé vegsemd og þakkargjörð.

Prestur: Drottinn blessi þig ... og gefi þér frið.

Allir: Amen, amen, amen.

### Sálmur

Son Guðs ertu með sanni,  
sonur Guðs, Jesús minn,  
son Guðs, syndugum manni  
sonar arf skenktir þinn,  
son Guðs einn eingetinn,  
syni Guðs syngi glaður  
sérhver lifandi maður  
heiður í hvert eitt sinn.

*Hallgrímur Pétursson*

**Eftirspil:** Toccata, *Eugène Gigout*

### Á döfinni:

**Mánudagur 15. apríl:** Hádegisbæn kl. 12.15.

**Mánudagur 15. apríl:** Dansþrek í kórkjallara kl. 19 – 21.

**Miðvikudagur 17. apríl:** Árdegismessa kl. 8.

**Miðvikudagur 17. apríl:** Foreldramorgnar í kórkjallara kl. 10 – 12.

**Skírdagur 18. apríl:** Messa og Getsemanestund kl. 20.

**Föstudagurinn langi 19. apríl:** Guðsþjónusta kl. 11.

**Föstudagurinn langi 19. apríl:** Passúsálmalestur kl. 13 – 18.15.

**Páskadagur 21. apríl:** Páskaguðsþjónusta kl. 8. Hátíðarmessa kl. 11.

**Annar í páskum 22. apríl:** Messa kl. 11.